

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ
Berist til Bæjarráðs

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.09.2016
Málakill	10.14
Mál nr.	1609393

Garðabæ 26.09.2016

Varðar: Heimildarlausar merkingar á bílastæðum er lóðarhafar á Garðatorgi 1,3 og 5 og Hrísmóum 2 hafa afnotarétt af.

Erindi okkar varðar heimildarlausar merkingar sem hafa verið settar upp á Svæði G samkvæmt lóðablaði sem er hluti af lóðaleigusamningi dagsettur 10.feb. 2005 á lóðinni nr. 5 við Garðatorg, sjá meðfylgjandi ljósmynd. Um er að ræða bílastæði, samtals 286, sem við höfum afnotarétt af samkvæmt meðfylgjandi lóðaleigusamningi, sjá Þinglýsingarskjal nr. X-1252 dagsett 10.feb.2005.

Engin heimild liggur fyrir um að merkja umrædd bílastæði með skilti er segir „P 60 mín“ né skilti er segir „skammtímaskæði 15 MÍN“ né sérstakar merkingar yfirleitt.

Þess er jafnframt farið á leit við bæjarráð Garðabæjar að umræddar merkingar verði fjarlægðar innan 15 daga frá dagsetningu þessa bréfs ella áskilum við okkur rétt til að fela lögmanni okkar að fara með málið áfram til þar til bærra yfirvalda. Helsta ástæða kvörtunar okkar er, að viðskiptavinir sem til okkar koma eru að jafnaði bókaðir í lengri fundartíma, eða allt að 90 mínútur og því nauðsynlegt að vinda ofan af þessum heimildarlausu merkingum hið fyrsta.

Til stuðnings kröfu okkar vísum við til meðfylgjandi fylgigagna, þ.m.t. lög um fjöleignarhús nr. 26 frá 1994, einkum 19.gr. laganna en þar kemur fram *...að sameign fjöleignahúss verður ekki ráðstafað af húsfélagi með samningi nema allir eigendur séu því samþykkir. Sama gildir um verulegar breytingar á sameign eða hagnýtingu hennar....*

En við teljum að með umræddum merkingum sé verið að brjóta á rétti okkar samkvæmt lóðaleigusamningi, með því að breyta hagnýtingu á umræddum bílastæðum án samþykki allra, og það af hálfu bæjaryfirvalda, sem eru ekki aðilar að afnotarétti samkvæmt nefndum lóðaleigusamningi.

f.h. G.S. Ráðgjöf ehf.
Kt.540302-3750

Fylgigögn: Ljósmynd af umræddum skiltum.
Lóðaleigusamningur á lóðinni nr.5 við Garðatorg
Lög um fjöleignarhús nr. 26 / 1994

Afrit sent: Guðfinnu Jóh. Guðmundsdóttir hdl.